

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar vegna breyttra landnotkunarheimilda við Hringbraut.

Skipulagsstofnun staðfesti 5. janúar 2026 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2040 sem samþykkt var í borgarstjórn 2. október 2025.

Í breytingartillögunni felst að stærri hluti Hringbrautar njóti aðalgötuheimilda; þ.e. að afmarkaður hluti Hringbrautar, með húsnúmerin 22-34, austan Suðurgötu, njóti sömu landnotkunarheimilda og sambærilegar götuhliðar við Hringbraut, vestan Suðurgötu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 5. janúar 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 19. janúar 2026